# Framtíðin er í okkar höndum

Landsfundur jafnréttisnefnda

Reykjavík 18.-19. sept. 2014

# Hver er staðan nú?

- Ánægjuleg skref stigin í síðustu sveitastjórnar-kosningum. Konur eru nú 44% sveitarstjórnar-manna.
- Ekki eins góð tíðindi af sveitarstjórum. 18 konur eru nú sveitarstjórar en voru 25 á síðasta kjörtímabili. Hvernig stendur á þessu?
- Jafnréttisstofa sendi nýlega bréf til allra sveitarstjórna til að minna á skyldur varðandi jafnrétti kynjanna. Það skortir verulega á að gerðar séu jafnréttisáætlanir.

# Hver er stog aðan nú?

- Flest sveitarfélög virða 15. gr. jafnréttislaga um skipan í nefndir og ráð. Það þarf þó að kanna betur. Bæjarráð eru undanskilin.
- Jafnréttisstofa hefur verið að kalla inn jafnréttisáætlanir grunn-, leik- og tónlistarskóla um land allt.
- Þar eru verulegar brotalamir og jafnvel þrjóska og leiðindi. Þó er jafnrétti ein af grunnstoðum aðalnámskrár. Sumir virðast halda að lögin nái ekki til þeirra.

# Hvaða málefni er við að glíma?

- Áhugaleysi á jafnrétti kynjanna og jafnrétti yfirleitt. Hér virðist ríkja sú skoðun að allt sé í lagi eða að þetta komi allt af sjálfu sér.
- Spurning um pólitískan vilja, þekkingu og skilning.
- Það þarf að taka verulega á innan skólanna.
- Skoða þarf starf með ungmennum.
- Íþróttirnar eru sérstakt viðfangsefni. Þaðan kemur töluvert af kvörtunum.

# Hvaða málefni er við að glíma?

- Staðalmyndir kynjanna – kynbundið náms- og starfsval. Hvað er verið að gera í því?
- Ofbeldismálin. Mikilvægt að sofna ekki á verðinum eftir mikla umræðu, sérstaklega á síðasta ári. Úttekt í Svíþjóð sem við getum lært af.
- Hvað líður aðgerðaáætlunum gegn ofbeldi hjá sveitarfélögunum.
- Fylgja eftir átaki ráðuneytanna varðandi kynferðisofbeldi gegn börnum.

# Hvaða málefni er við að glíma?

- Byggðamálin. Mikill skortur á fjölbreyttri vinnu víða um land. Konur mennta sig í ríkum mæli en karlar ekki. Störfin er oft ekki að fá í heimabyggð.
- Atvinuleysi í ágúst var 3,8% hjá konum, en 2,5% hjá körlum.
- Konurnar fara úr dreifbýli í þéttbýli. Afar lítil umræða um þau mál.
- Kynin á norðurslóðum. Spennandi sjónarhorn.

# Hvaða málefni er við að glíma?

- Launamisréttið virðist vera að aukast í það minnsta hjá ríkinu. Hvaða leiðir eru færar?
- Konur í stjórnunarstöðum, er kvótinn að virka?
- Síðustu tölur
- Hvað um kjör sveitastjórnarfólks?
- Könnun Jafnréttisstofu. Sjá:
- http://www.jafnretti.is/jafnretti/default.aspx?D10cID=ReadNews3&ID=1057.

# Kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja

| Kyn stjórnarmanna hjá fyrirtækjum sem greiddu laun á árinu 2013 | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |
| | Staða í árslok 2013 | | | | Staða 4.semptember 2014 | | | |
| | Fjöldi | | Hlutfall | | Fjöldi | | Hlutfall | |
| Starfsmannafjöldi | Karl | Kona | Karl | Kona | Karl | Kona | Karl | Kona |
| 1 | 5471 | 1882 | 74,4% | 25,6% | 5450 | 1867 | 74,5% | 25,5% |
| 2-9 | 7482 | 2578 | 74,4% | 25,6% | 7465 | 2567 | 74,4% | 25,6% |
| 10-19 | 1519 | 391 | 79,5% | 20,5% | 1513 | 396 | 79,3% | 20,7% |
| 20-49 | 1135 | 294 | 79,4% | 20,6% | 1131 | 298 | 79,1% | 20,9% |
| 50-99 | 356 | 126 | 73,9% | 26,1% | 343 | 136 | 71,6% | 28,4% |
| 100-249 | 230 | 107 | 68,2% | 31,8% | 222 | 113 | 66,3% | 33,7% |
| 250+ | 155 | 87 | 64,0% | 36,0% | 150 | 91 | 62,2% | 37,8% |
| Alls | **16348** | **5465** | **74,9%** | **25,1%** | **16274** | **5468** | **74,9%** | **25,1%** |
| | | | | | | | | |

# Hvað er Jafnréttisstofa að gera?

- Kalla inn jafnréttisáætlanir.
- Stunda fræðslu í skólum, fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og stofnananir.
- Skipuleggja ráðstefnur og fundi.
- Vinna stórt verkefni um efnahagsleg völd kvenna.
- Norræn samvinna hefur tekið mikinn tíma á þessu ári.
- Stefnumótun (CAF er framundan).

# Hvað er Jafnréttisstofa að gera

- Samvinna við jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.
- Könnun á högum sveitastjórnarfólks.
- Margir spurningalistar erlendis frá sem þarf að svara.
- Samvinna við Austurríki, Króatíu og Litháen um jafnréttisfræðslu (training the trainers).
- Samvinna við pólskar kvennahreyfingar.
- Þátttaka í ýmsum nefndum og starfshópum.
- Söfnun upplýsinga og útgáfa.
- Aðstoða einstaklinga.

# Hvað er framundan?

- Norrænt málþing um aðgerðir til að kveða niður kynbundið ofbeldi 25. september í Reykjavík.
- Norræn ráðstefna um kynin á norðurslóðum 30.-30. október á Akureyri.
- Norræn ráðstefna um hlutastörf og launamisrétti 12.-13. nóvember í Reykjavík.
- 2015 afmælisárið mikla. Hvað ætla sveitastjórnirnar að gera?

# Hvað er framundan?

- Útvíkkað hlutverk Jafnréttisstofu ef Alþingi samþykkir að innleiða tvær tilskipanir EU um bann við mismunun á grundvelli aldurs, fötlunar, uppruna, trúar, kynhneigðar, kynvitundar o.fl.
- Fróðlegt verður að fylgjast með umræðunni í haust.
- Vaxandi andstaða við aðgerðir til að jafna hlut kynjanna. Gagnrýni á Jafnréttisstofu og þær fjárhæðir sem fara í jafnrétti kynjanna. Eru konur komnar of langt? Sbr. umræðu í Noregi.
- Við þurfum að fylgjast vel með stefnum og straumum í samfélaginu.
- FRAMTÍÐIN ER Í OKKAR HÖNDUM – LÁTUM EKKI ÖÐRUM EFTIR AÐ MÓTA HANA.